

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 12. júní 2009

Lítill og meðalstór fyrirtæki hafa stóru hlutverki að gegna

Viðskiptaráð Íslands hefur gefið út nýja skýrslu um mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi. Í skýrslunni, sem ber heitið [Huqsum smótt](#), er lagt mat á efnahagslegt vægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja en þau eru í miklum meirihluta í öllum greinum atvinnulífsins. Saman eru þessi fyrirtæki stærsti vinnuveitandinn á Íslandi og því burðarás í íslensku efnahagslífi. Í skýrslunni er einnig stiklað á stóru um helstu ögranir og áskoranir í rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja hér á landi. Ljóst er að þessi fyrirtæki koma til með að gegna lykilhlutverki í efnahaglegri endurreisn íslenska hagkerfisins, enda mikilvægur farvegur nýsköpunar, þróunar og frumkvöðlastarfs.

Skýrslan kom út í tengslum við málþing um lítill og meðalstór fyrirtæki, *Margt smótt gerir eitt stórt*, sem Viðskiptaráð hélt síðasta föstudag í Þjóðminjasafni Íslands við góðar undirtektir. Markmið ráðsins með þessari vinnu er að leggja grunn að álíka vitundarvakningu um mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja hér á landi og hefur átt sér stað í Evrópu undanfarin ár. Kallað er eftir því að litlum og meðalstórum fyrirtækjum verði gert hærra undir höfði en verið hefur hingað til og að stjórnámalamenn og aðrir álitsgjafar setji aukinn kraft í mótun heildarlausna sem geta orðið öllum fyrirtækjum í landinu, óháð stærð, til bóta og aukið líkurnar á því að sem flest þeirra komist heilu og höldnu í gegnum þær efnahagshremmingar sem nú ríða yfir. Þannig er unnt að tryggja atvinnustig og verja velferð íslenskra heimila.

Skýrsluna í heild má nálgast [hér](#).

Nánari upplýsingar um málþingið og erindi framsögumanna má nálgast [hér](#).

Stjórnarhættir fyrirtækja

Viðskiptaráð Íslands hefur að undanförunni unnið að gerð leiðbeininga um [stjórnarhætti fyrirtækja](#) í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Kauphöllina (Nasdaq OMX Iceland) og er sú vinna nú á lokastigi. Hér er um að ræða heildstæða endurskoðun á fyrri leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og hefur einkum verið tekið mið af sambærilegum reglum frá öðrum löndum og forskriftar Evrópusambandsins og Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu. Leiðbeiningarnar innihalda mun fleiri og ítarlegri ákvæði en þær fyrri og í þeim eru gerðar ríkari kröfur til stjórnenda á nær öllum sviðum.

Tímasetningin er mikilvæg en nú er sá tími kominn sem krefst aðgerða af hálfu viðskiptalífsins. Íslensk

fyrirtæki eiga að ganga á undan með góðu fordæmi og sýna vilja í verki til lagfæringar á því sem miður hefur farið. Í því felst m.a. að fyrirtæki og stjórnendur þeirra tileinki sér góða stjórnarhætti og ætlist til þess sama af öðrum. Þannig er lagður grunnur að endurheimt trausts og trúverðugleika viðskiptalífs og hag stjórnenda, fyrirtækja og samfélagsins í heild best borgið.

Leiðbeiningarnar verða gefnar úr í næstu viku og í kjölfarið verður lagður grunnur að fræðslu og eftirfylgni í víðtæku samstarfi við hagsmunaaðila.

Þörf á skýrri stefnu

Gengi krónunnar hefur lækkað nokkuð undanfarið og stendur gengisvísitalan nú í ríflega 230 stigum, á svipuðum slóðum og hún var áður en höftin voru sett á. Gengisveikingu má að hluta rekja til vaxtalækkana Seðlabankans en þó er ljóst að skortur á skýrum áætlunum nýrrar ríkisstjórnar, m.a. í fjármálum hins opinbera, er líklega stór áhrifavaldur. Ýmislegt bendir til þess að höft á gjaldeyrismarkaði hafi komið í veg fyrir hrun krónunnar með tilheyrandi afleiðingum fyrir íslensk fyrirtæki og heimili en nú virðist ljóst að höftin ein og sér duga ekki til að stemma stigu við áframhaldandi gengisveikingu og skapa því ekki forsendur fyrir styrkingu krónunnar. Þetta er í samræmi við viðvaranir Viðskiptaráðs, en ráðið hefur ítrekað bent á að höft væru einungis skammtímalausn sem kæmi ekki í stað stefnumarkandi aðgerða og nýrrar framtíðarsýnar af hálfu stjórnvalda.

Til þess að krónan geti styrkst á nýjan leik og að grundvöllur geti skapast fyrir afnámi hafta á gjaldeyrismarkaði er nauðsynlegt að ný ríkisstjórn leggi fram raunhæfa og trúverðuga áætlun í ríkisfjármálum eins fljótt og kostur er. Slík áætlun er ómissandi líður í að skapa framtíðarsýn hér á landi og þannig endurheimta trúverðugleika hagkerfisins. Án skýrrar stefnu í ríkisfjármálum, einkum hvað varðar að brúa þann gífurlega fjárlagahalla sem við blasir, er fátt sem hvetur innlenda og erlenda aðila til að halda fjármagni í landinu. Því er hætt við að höftin muni halda áfram að leka og að krónan muni veikjast áfram á meðan ný ríkisstjórn lætur bíða að greina ítarlega frá áformum sínum. Að sama skapi er brýnt að ljúka sem fyrst vinnu við endurreisn bankakerfisins en sú vinna hefur dregist of lengi. Hægagangur nýrrar ríkisstjórnar í þessum efnum er beinlínis farinn að standa endurreisnarstarfinu fyrir þrifum og það er ekki boðlegt gagnvart íslenskum heimilum og fyrirtækjum. Viðskiptaráð kallar því eftir því að ný ríkisstjórn láti það ekki dragast lengur að greina ítarlega frá stefnu sinni í ríkisfjármálum.

Í þessu sambandi minnir Viðskiptaráð á tvær nýlegar skoðanir ráðsins þar sem fjallað er nánar um gjaldeyrismál þjóðarinnar, [Afnám hafta og lækkun vaxta](#) og [Hagkerfi í viðjum örmyntar](#).

Þjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Rétt er að taka það fram að hér er hvorki um ítarlega né tæmandi greiningu að ræða, heldur samantekt sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Smásala jókst um 0,5% á milli mánaða í maí í Bandaríkjunum** samanborið við samdrátt upp á 1,1% á milli mánaða í apríl. Bendir þessi hagvísir til þess að neytendur séu að taka við sér vestanhafs og að horfur séu á minnkandi samdrætti í Bandarísku efnahagslífi.
- **Framkvæmdir eru hafnar við netþjónabú á Keflavíkurflugvelli.** Íslensk-bandaríska fyrirtækið Verne Holding stendur fyrir framkvæmdunum og áætlað er að starfsemin geti skapað allt að 100 ný störf. Þetta er til marks um að erlendir aðilar sjái tækifæri á Íslandi.
- **Gjaldþrotum japanskra fyrirtækja fækkaði á milli mánaða** í maí. Þetta er í fyrsta skipti í ár sem gjaldþrotum japanskra fyrirtækja fækkar á milli mánaða. Sérfræðingar segja þetta benda til þess að kreppan þar í landi sé á undanhaldi.
- **OECD segir kreppuna á heimsvísu á undanhaldi.** Í nýrri skýrslu stofnunarinnar segir að enn sé of snemmt að fullyrða að botninum hafi verið náð en að þó bendi helstu hagvísar til þess verulega sé farið að draga úr samdrættinum á heimsvísu.
- **Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst um 12,5 milljarða í maí** og nemur nú ríflega 460 milljörðum.
- **Alþjóðlegir hrávörumarkaðir hafa tekið við sér undanfarið.** Þannig hefur til að mynda verð á olíu og áli hækkað myndalega undanfarið.
- **Innlendur skuldabréfamarkaður er að ná sér á strik** en mikil aukning hefur verið í veltu með skuldabréf undandarið. Velta með skuldabréf er nú svipuð og hún var fyrir tæpum tveimur árum.
- **Hlutabréfaverð hér á landi hækkaði í vikunni** líkt og síðustu vikur. Hlutabréfavísitölur helstu kauphalla víða um heim hafa sömuleiðis hækkað í vikunni.
- **Hrein eign íslenskra lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris jókst um ríflega 40 milljarða í apríl,** samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum. Munar þar mestu um hækkun erlendra eigna og veikingu krónunnar.
- **Seðlabankastjóri fullyrðir að hægt verði að byrja að aflétta höftum undir lok árs,** en hann lét þessi orð falla í viðtali við Financial Times í vikunni. Þetta eru góð tíðindi enda ljóst að höftin rýra samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
- **Velta flestra tegunda verslana jókst á milli mánaða í maí** samkvæmt útreikningum Rannsóknarseturs Verslunarinnar. Þetta bendir til þess að íslenskir neytendur séu að taka við sér.
- **Atvinnuleysi lækkaði um 1,5% á milli mánaða í maí** og mælist nú 8,7% á landsvísu samkvæmt Vinnuálagstafnun. Er þetta í fyrsta sinn sem atvinnuleysi minnkar á milli mánaða síðan kreppan skall á.

Góða helgi.